

From: Jakob Gunnarsson [<mailto:jakob@skipulag.is>]
Sent: fimmtudagur, 13. júlí 2017 15:28
To: Haukur Einarsson <haukur@mannvit.is>
Subject: Efnistaka í Hrossadal-Fyrirspurn um málsmeferð

Vísað er til eindis Mannvits verkfræðistofu f.h. alndeiganda Arnars Gestssonar dag. 30. júní 2017 þar sem óskað eftir afstöðu Skipulagsstofnunar til þess hvort efnistaka í Hrossadal í landi Miðdals í Mosfellsbæ þurfi á ný að fara í ferli mats á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum efnistöku á þessum stað hafi fyrst fram árið 2007 og lauk með álit Skipulagsstofnunar 21. júní það ár. Það eru því liðin meira en tíu ár frá álit Skipulagsstofnunar og því nauðsynlegt að óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrsluna frá 2007 áður en leyfi til framkvæmda er veitt sbr. 12. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir erindið og svo virðist sem hvorki framkvæmaleyfi sveitarfélagsins eða starfsleyfi heilbrigðisnefndar liggja fyrir og að þ.a.l. eru fyrirhugaðar framkvæmdir ekki hafnar. Það er skýrt í ákvæði 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum að ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Mosfellsbær þarf því að senda Skipulagsstofnun erindi þar sem ofangreindrar ákvörðunar er óskað. Útbúa þarf greinargerð af framkvæmdaraðila/ráðgjafa þar sem í samræmi við ákvæð 12. greinar þarf að gera grein fyrir hvort forsendur hafa breyst verulega frá því að álit lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Þá þarf að gera grein fyrir hugsanlegum breytingum sem átt hafa sér stað á framkvæmdinni frá því að álit lá fyrir og mögulegum annars konar áhrifum á umhverfisþætti sem fjallað var um í matinu 2007. Eðlilegt er að greinargerð fylgi erindi sveitarstjórnar til Skipulagsstofnunar.

Jakob Gunnarsson

Starfandi sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun